

# Samtök orkusveitarfélaga

## 14. stjórnarfundur

Árið 2013, föstudaginn 28. ágúst kl.14:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson og Sveinn Steinarsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð var færð í tölvu og ritaði Valur Rafn Halldórsson fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Stjórnarfundir Samtaka orkusveitarfélaga**

Lögð fram til kynningar fundargerð 13. fundar frá 5. júní sl.

**2. Orkufundur 2013**

Orkufundur verður haldinn föstudaginn 4. október kl. 13:00 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli að aflokinni fjármálaráðstefnu 2013. Rætt um dagskrá fundarins en stefnt er á að senda dagskrána út í næstu viku. Formanni og starfsmanni falið að útbúa dagskrá.

**3. Stefnumörkun stjórnar**

Frestað til næsta fundar.

**4. Undanþágur frá fasteignaskatti**

Samþykkt að senda erindi til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formanni falið að senda erindi til sambandsins.

**5. Landsþing LVK í Noregi**

Formaður gerði grein fyrir ferð sem hann og Bryndís fóru í 21.-23. ágúst sl. Ferðin heppnaðist vel og mun formaður senda stjórninni skýrslu um ferðina.

**6. Fundur með ráðherra**

Formaður gerði grein fyrir fundi sem framkvæmdastjórn samtakanna átti með iðnaðar- og viðskiptaráðherra þann 10. júlí sl. Á fundinum kynnti framkvæmdastjórnin tilgang og sögu samtakanna. Var þessi fundur nauðsynlegt upphafsskref í samvinnu við ráðuneytið og stefnt er að því að fá hana til að ávarpa orkufundinn. Ákveðið að reyna að fá fund með fjármálaráðherra.

**7. Tilboð í úttekt: Yfirfærsla á norska kerfinu yfir á Ísland**

Formaður kynnti tilboð sem hann fékk hjá Deloitte. Það er ljóst að umfang verkefnisins er mikið og til að minnka umfangið mun úttektin byggja á fyrirliggjandi gögnum. Mikill áhugi er hjá stjórninni að fara í þess úttekt. Formanni veitt umboð til að semja við Deloitte.

## **8. Umræða um fund með Landsneti**

Almenn ánægja var með fundinn og var þessi fundur nauðsynlegur í þeirri hagsmunabaráttu sem er framundan hjá samtökunum.

Fundi slitið kl. 15:30